



SUMARKÖNNUN 2013

Fjármögnun

ATVEST, Fjórðungssamband Vestfirðinga & Sóknaráætlun Vestfjarða

Þakkir

Bestu þakkir fá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Markaðsstofa Vestfjarða**, og **allar þær ferðaþjónustur** sem tóku þátt í verkefninu. Við viljum þakka sérstaklega þeim aðilum á kaffihúsinu á **Litlabæ** og fjölskyldunni á Hvítanesi, **Kaffi Ísól** á Ísafirði og starfsfólki **sundlaugarinnar á Tálknafirði**.

Samantekt

Samkvæmt þessari rannsókn, eru ferðamenn sem koma til Vestfjarða úr öllum aldurshópum og með mismunandi innkomu þó að meiri hluti þeirra sé með menntun með framhaldsmenntun eða hærri menntun að baki. Einn þriðji af þeim sem svöruðu eru frá þýskumælandi löndum. Helstu áhugamál eru dýralíf og þörf fyrir að kynnast náttúrunni á eigin forsendum sem helst í hendur við frekari áhugamál eins og ljósmyndun, menningu, vísindi og tónlist. Önnur áhugamál eru félagsmál, saga, fuglaskoðun og mismunandi útivistatengd afþreying. Ferðafólk virtist hafa lítinn áhuga á veiðum. Í viðtali kemur fram að margir að fólk koma til Vestfjörðum fyrir einveruna.

Um 65% af þeim sem svöruðu höfðu aldrei áður komið til Vestfjarða og þar af 60% sem aldrei höfðu komið áður til Íslands. Flestir þeirra sem hafa komið áður gera það til þess að stunda afþreyingu, en vinna og nám spilar leiðandi hlutverk fyrir að minnsta kosti 15%. Almennt kýs ferðafólk að skipuleggja ferðir sínar sjálft og forðast skipulagðar ferðir og það sem mætti kalla fjöldaferðamennsku. Þrátt fyrir það segjast innan við 19% kjósa það helst að ferðaskrifstofa í þeirra heimalandi bóki fyrir þá ferðir.

Innblástur fyrir ferðarinnar er fyrst og fremst fengin frá vinum og ættingjum og eins ferðahandbókum. Fyrri heimsóknir eru kveikjur að því að ferðamenn komi aftur (~30%). Af þeim sem tóku þátt segja 68% að ferðabækur og bæklingar hafi komið af bestu notum meðan ferðast var ásamt því að stuðst var við upplýsingar af internetinu. Svæðisbundin upplýsingaþjónusta og prentað efni um Vestfirði fær góða dóma en er minna notað. Aðgengi að upplýsingum fyrir og eftir komu til Vestfjarða er sagt nokkuð gott. Upplýsingar sem ferðamenn fá um Vestfirði eru í samræmi við væntingar um 80% þeirra sem svöruðu könnunni.

Fleiri en 40% ákváðu það að Vestfirðir væri endanlegur áfangastaður ári eða lengur fyrir komu, á meðan 35% ákváðu það með þriggja mánaða fyrirvara eða minni. Meðal dvalartími næstum 40% svarenda voru 2-4 nætur, en 35% gistu 5-8 nætur. Í kringum 10% dvöldu í tvær vikur eða lengur. Ferðamáti til, frá sem og innan svæðisins var mjög mismunandi: hjólreiðar, puttaferðalangar, áætlunarferðir, hópferðabílar, mótórhjól, bílaleigubílar, hjólhýsi, einkabíll, flugvél, skemmtiferðaskip og skútur.

Almenn ánægja er með áfangastaði á Vestfjörðum. Töluvert meiri ánægja er með tjaldsvæði frekar en hótél og gistiheimili. Sundlaugar og veitingastaðir virðast uppfylla þær væntingar sem ferðamenn gera sér á meðan flestir hafa lítinn sem engan áhuga á skyndibitastöðum þó einn þriðji noti þá að einhverju leyti. Á meðan dæmigerðri dvöl stendur nota ferðamenn þjónustu veitingastaða, sundlauga, safna og matvöruverslana. Upplýsingamiðstöðvar eru notaðar víða.

Einnig er mikil ánægja (~98% ánægðir eða mjög ánægðir) með uppbyggingu á ferðamannastöðum svo sem ástandi vega, upplýsinga og merkinga, aðgengi, öryggismála og almennu ástandi ferðamannastaða.

Aðeins 20% þátttakenda eru á þeirri skoðun að Vestfirðir þurfi að þróast í átt að betri áfangastað. Meirihlutinn (80,9%, mynd 24) er ánægður með hvernig staðið er að ferðaþjónustu og taka það skýrt fram að þessi litli vöxtur er hluti af aðráttarafli Vestfjarða.

Meira en helmingur svarenda eru líklegir til þess að fara aftur á Vestfirði; um 90% munu mæla með Vestfjörðum sem áfangastað við aðra.

Efnisyfirlit

Inngangur

- Kynning & Aðferð 8
- Takmarkanir & Svörun 9

Niðurstöður

10

● Upplýsingar um ferðamenn

- Þjóðerni, búseta, kyn og starf 10
- Menntun, tekjur og áhugamál 10

● Upplýsingar um ferðahæðun

- Áfangstaðir Vestfirðir 12
- Afhverju Vestfirði? 12
- Þjónusta og ímynd 13
- Upplýsingar um Vestfirði 16

● Upplýsingar um ferðina sjálfa

- Ástæður og áfangastaðir heimsóknar 16
 - Afþreying og þjónusta 16
 - Ferðamáti, gisting og bókanir 19
- Ánægja með áfangstað 20
 - Þjónusta, afþreying og reynsla 20

Athugasemdir og Tillögur

24

Kynning:

Markið þessarar könnunar var að leita ítralegri og nákvæmari upplýsinga um þá ferðamenn sem heimsækja Vestfirði í dag. Hvaða afþreyingu og þjónustu nýtir hann ser á meðan dvöl hans á svæðinu stendur.

Von er bundin við að með hjálp könnunar sé hægt að ná fram gagnlegum upplýsingum sem nýtast auglýsingargerð og bókanir sem veiti jafnframt hagnýtar ábendingar um framþróun tengd ferðaþjónustunni. Grunnupplýsingum í þessari skýrslu er í raun ætlað að styðja bæði stofnanir og fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu í aðgerðum sínum og ákvarðanatöku.

Höfð voru þrjú mismunandi markmið til þess að greina viðkomandi þætti. Þau voru að fá fram:

1. *Upplýsingar um ferðamanninn (þjóðerni, aldur, menntun, áhugamál),*
2. *Upplýsingar um ferðahegðun (innblástur, hugmyndir um ferðaskipulag og bókanir, upplýsingarveitur)*
3. *Upplýsingar um ferðina sjálfa (ferðamáti, gisting, afþreying, áfangastaðir, notkun á upplýsingum).*

Aðferð:

Undirbúinn var listi sem samanstóð af spurningum frá eldri rannsókn og erlend könnun höfð til hliðsjónar. Könnunin samanstóð af 45 spurningum sem tók á milli 30-45 mínútur fyrir ferðamanninn að svara. Viðtöl við ferðafólk tóku allt að 1 klst. byggð á sömu spurningum. Þáttakendur svöruðu könnuninni annað hvort þar sem hún lá fyrir á mismunandi stöðum um alla Vestfirði eða í viðtali við rannsóknaraðila. Könnunin var lögð fram á þremur tungumálum; ensku, þýsku og íslensku.

Takmarkanir:

Tímarammi rannsóknarinnar voru 2 mánuðir þar að auki fór einn mánuður í vettvangsvinnu. Þrátt fyrir að rannsóknin náði yfir alla Vestfirði unnu aðeins tveir rannsakendur að verkefninu. Könnunin var gerð á þremur tungumálum, en ferðamenn sem ekki voru kunnugir þeim tungumálum hafa átt erfitt með að svara könnuninni. Treyst var á þátttöku ferðaþjónustuaðila og fyrirtækja til þess að hvetja ferðamenn til þess að svara könnuninni þar sem rannsakendur gátu ekki verið á staðnum. Samstarfsvilji sem og sá stutti tími sem ferðamenn höfðu til þess að svara tímafrekri könnun sem þessari hafði nokkuð mikil áhrif á svörun könnunarinnar.



Svörun:

Í þessari rannsókn tóku 174 ferðamenn þátt frá 20 mismunandi löndum. Svörun þar sem ferðamenn voru spurðir beint var jákvæð. Mjög lítið var um svör frá hótelum. Frá gistiheimilum, tjaldsvæðum og sundstöðum kom nokkuð af svörum. Frá kaffihúsum og frá ferðastöðum þar sem könnunin var skilin eftir án umsjónaraðila komu langflestar svaraðar kannarnir tilbaka þrátt fyrir að rannsakandi væri ekki á staðnum. Á þeim stöðum var reynt að ná til þeirra sem komu til þess að heimsækja vini, notfærðu sér ekki opinber gistirými, voru puttaferðalangar og eða sáu alfarið um ferðatilhögun sína sjálfir.


Niðurstöður

Spurningalistinn var settur fram á þremur tungumálum. Ensku, íslensku og þýsku. Besta svörunin var á ensku eða 42.7%, þýska var 35.8% og á íslensku eða 21.4%.

Hvaða ferðamenn eru að koma til Vestfjarða?

Þjóðerni, búseta, kyn, aldur og starf

Flestir erlendir ferðamenn koma frá Þýskalandi eða 29.9%, þeir sem koma frá Sviss eru 10.9% og frá Bandaríkjunum 10.3%. Íslenskir ferðamenn eru 21.3%. Þjóðerni og búseta virtust haldast nokkuð í hendur (mynd 1).



Mynd 1: Þjóðerni þátttakenda


Þátttakendur í könnuninni voru á öllum aldri (mynd 2). Meirihluti svarenda voru á aldrinum 25-34 ára eða 27.7%. Af þeim sem svöruðu voru konur í meirihluta eða 54.7%. Hlutfall karla var 45.2%. Af þeim sem svöruðu var hlutfall þeirra sem eru í sérfræðistarfi hæst eða 24.3%. Í næsta flokki voru þeir sem eru í stjórnunarstarfi 18.9%, því næst voru nemendur 13.2%. Nokkur svörun var í flokknum "annað" eða 15.5%. Þar bauðst fólki að tilgreina starfstétt sína nánar og þar á meðal voru rithöfundur, kennari, hjúkrunarfræðingur eða þá að fólk á eftirlauna aldri setti það sérstaklega í annað þó sá flokkur væri tilstaðar.



Mynd 2: Aldur þátttakenda.

Menntun, tekjur og áhugamál

Þeir sem heimsækja Vestfirði eru með talsverða menntun. Tæp 50% hafa lokið grunnnámi í háskóla og 73% hafa lokið einhverju námi eftir menntaskóla. Stærsti hópurinn hefur lokið einhverskonar framhaldsnámi eða 47.98% (mynd 3).



Mynd 3: Menntun þátttakenda.

Flestir svöruðu því að þeir væru með 251-450 þúsund krónur í heildartekjur á mánuði fyrir skatta eða rúm 29%. Þeir sem merktu við hærri en 850 þúsund voru 22.5%. Alls 13% voru með 451-650 þúsund og 10% með 651-850 þúsund. Þeir sem merktu við hærri en 850 þúsund voru 22.5%. Af einhverjum ástæðum vildu 21.3% ekki svara.


Þátttakendur höfðu mjög mikinn áhuga á útiveru/útivist og umhverfisvernd (mynd 4). Nokkuð jöfn dreifing er á milli ljósmyndunar, vísinda og menningu/

listar. Áhugavert er hve stórt hlutfall svarenda hefur áhuga á félagsmálum og tónlist. Það áhugasvið sem svarendur höfðu síst áhuga á voru veiði og hestamennska.

Nærri helmingur þátttakenda eða (42.86%) nota samskiptamiðla eins og facebook eða blogg til þess að segja frá ferðareynslu sinni eða til þess að safna upplýsingum og/eða fá hugmyndir fyrir ferðalög. Flestir senda póstkort, taka mikið af myndum, sýna og segja frá þegar heim er komið.

Q9 Hversu mikinn eða lítinn áhuga, almennt hefurðu á eftirtöldu

Answered: 171 Skipped: 3



Mynd 4: Dreifing áhugamála og ýmsum þáttum ferðaþjónustunnar.

Áfangastaður Vestfirðir



Mynd 5: Sýnir hlutfall þeirra sem komið til Íslands áður.

Tæp 42 % sögðust hafa komið til Íslands áður (mynd 5). Rúmlega 60% eru að koma til Íslands í fyrsta skipti. Vestfirðir eru annað hvort eini áfangastaðurinn í Íslandsferðinni eða hluti af lengri ferðum í kringum landið.

Þeir erlendu ferðamenn sem voru að koma til Vestfjarða í annarri Íslandsferð sinni (mynd 6) höfðu flestir verið að ferðast á Suðurlandi

þegar þeir komu fyrst. Stór hluti nefndi að þeir höfðu komið til Íslands einhvern tíma áður og áttu Vestfirði eftir.



Mynd 6: Sýnir hlutfall þeirra sem þeirra sem komið hafa til Vestfjarða áður.

þeir sem höfðu komið áður til Vestfjarða voru 34.94% svarenda. Langflestir sem höfðu komið til Vestfjarða áður voru í þeim tilgangi


að dvelja þar í fríi eða 76.27% svarenda.

Af hverju valdirðu að fara í ferðalag til Vestfjarða?

Helstu ástæðu þess að þátttakendur ferðast til Vestfjarða nefna þeir oft að hér sé ekki mikið af ferðafólki. Fámenni og rólegheit er það sem svarendur kjósa einna helst. Náttúra og landslag var algengt svar hjá þeim sem voru í gönguferðum. Margir höfðu heyrt af feðurð svæðisins og langaði að koma til þess að sjá Vestfirði með eigin augum. Einn sem svaraði spurningunni nefndi þessa skemmtilegu þætti: “Fjöllin, gönguferðir, rok, veðrið, kyrrðin og einveran”.

Q16 Fyrir hverja af eftirfarandi setningum, vinsamlegast tilgreinið það sem á við hverju sinni. Veldu einn möguleika

Answered: 165 Skipped: 9




Mynd 7: Ferðatilhögun svarenda.

Hvaða þjónustu eru ferðamenn að nota og hverju finnst þeim mikilvægast að kynnst í heimsókn sinni


Flestir ferðamenn á Vestfjörðum kjósa helst að sjá um ferðatilhaganir sínar sjálfir, þá bæði tíma og, kostnaðarlega tengt bókunum. Spurningarnar sem um ræðir voru þrjár (mynd 7). 1. Að meðaltali a/b að nota þá þjónustu sem ferðaðþjónustuaðilar bjóða upp á þegar skipuleggja á afþreyingarferðir. 2. Að meðaltali a/b tilbúnar (áætlaðar) pakkaferðir. 3. Að meðaltali a/ b hópaferðir sem aðalvalmöguleika á afþreyingarferð. Völdu þátttakendur annað hvort a. Vel ég eða b. Vel ég ekki. Fáir segjast velja þann valkost að ferðaskrifstofa sjái um afþreyingarferðir fyrir sig. Að meðaltali segjast 95% kjósa frekar að meðaltali einstaklingsferðir fram yfir hópaferðir.

Náttúra á áfangastað fékk mikið fylgi ásamt því að þáttakendum langaði að kynnst henni á eigin forsendum (mynd 8). Þeir þættir sem fólk nefndi næst voru eyða tíma með fjölskyldunni, hvíld og afslöppun og upprunaleiki staðarins. Það sem svarendur töldu síst mikilvægt var síma og internet samband og kynni af atvinnulífi staðarins. Upplifanir vina og ættingja skipta máli þegar spurt er hvaðan innblástur fyrir ferðina kemur eða 17%. Það er því orðið á götunni sem fólk tekur mið af næst á eftir ferðahandbókum. Bækurnar spila stóran þátt þegar velja á áfangastaði eða 21%. Nokkuð var um að ferðamenn nefndu ferðabækur um Ísland á þýsku eða Lonely Planet Iceland. Náttúra og landslag Vestfjarða eru þeir þættir sem hafa mikil áhrif á þá ákvörðun fólks að ferðast til svæðisins eða 95%. Menningin er 27.3%.




Mynd 9: Hvað veitti ferðamönnum innblástur fyrir ferðina til Vestfjarða? Hér var merkt við allt sem átti við.

Af tilteknum þáttum í tengslum við ferðamennsku hversu mikilvægur á skalanum 1-5 (þar sem 1 vegur minnst og 5 vegur mest) er hver þáttur fyrir þig




Mynd 8: Mikilvægir þættir innan ferðamennsku.

Hvað af eftirfarandi hafði mikil áhrif á ákvörðun þína um að ferðast til Vestfjarða?



Mynd 10: Hvaða þættir höfðu mikil áhrif á ferðalag til Vestfjarða.


Hvaðan voru upplýsingarnar fengnar um Vestfirði áður en lagt var afstað




Mynd 11: Hvar fengu þátttakendur upplýsingar um Vestfirði. Hér mátti að merkja allt sem við átti.

Upplýsingar um Vestfirði

Flestir svarendur segjast hafa fengið upplýsingar um Vestfirði í ferðahandbókum/bæklingum eða 58.4% (mynd 11). Næsti flokkur eru upplýsingagjöf frá vinum og ættingjum eða 28%. Hvaðan veitir fólki innblástur og upplýsingasöfnun virðist haldast í hendur samanber mynd númer 12. Sú upplýsingagjöf sem nýttist best voru ferðahandbækur, vinir og vandamenn. Þegar þátttakendur voru spurðir hverju þeir leituðu af á vefsíðunum www.westfjords.is / www.visiticeland.is leituðu þeir einna helst af upplýsingum um samgöngur, áætlunarferðum, gistingu og afþreyingu, en einig tjaldsvæðum á Vestfjörðum og almennum upplýsingum til að mynda; um áhugaverða staði, veðurfar og matsölustaði.



Mynd 12: Upplýsingar um hvernig þátttakendum gekk að finna upplýsingar um Vestfirði áður en þeir komu.



Mynd 13: Upplýsingar um hvernig þátttakendum gekk að finna upplýsingar um Vestfirði eftir að þeir komu

Þátttakendum fannst auðvelt eða nokkuð auðvelt að safna upplýsingum um Vestfirði áður en þeir komu (mynd 12). Nokkur fjöldi sagðist ekki hafa safnað upplýsingum um svæðið fyrir komu (mynd 13). Eftir að komið var á Vestfirði jókst fjöldi þeirra sem þótti það auðvelt að finna upplýsingar og fjöldi þeirra sem fannst það nokkuð erfitt áður en þeir komu minnkaði.


Helmingur svarenda segir upplifun sína vera í samræmi við þær upplýsingar sem þeir hafa fengið um svæðið (mynd 14). 30.6% segist vera nokkuð sammála. 15% segjast ekki hafa safnað upplýsingum og tæp 4% eru nokkuð eða mjög ósammála um að upplifun þeirra sé í samræmi við upplýsingar.

Ástæður og áfangastaðir heimsóknar.


Afþreying og þjónusta

Helstu ástæðu heimsóknar til Vestfjarða sögðu svarendur vera hvíld og afslöppun (26%), útvist og náttúra svæðisins komu næst með 25% hvor (mynd 14). Vinsælasta afþreying ferðamanna er ljósmyndun, fara í stuttargönguferðir og njóta náttúrulega og sundstaða (mynd 15). Sú þjónusta sem þátttakendur nýta sér helst eru matsölustaðir og mat-vöruverslanir. Þátttakendur voru beðnir um að merkja X við þá staði sem þeir höfðu komið til eða ætlaðu að heimsækja og O við þá staði sem þeim hefði langað til þess að heimsækja (mynd 16). Af þeim sem svöruðu er Ísafjörður oftast heimsóttur af ferðamönnum.


Algengustu viðkomustaðir eru á sunnanverðum Vestfjörðum. Til að mynda Látrabjarg og Dynjandi. Þá staði sem fólk nefndi helst að því langaði að heimsækja voru Hornstrandir (Hornvík, Aðalvík, Hesteyri) ásamt Norðurfirði, Reykjafirði og Djúpuvík á Ströndum. Ástæðurnar fyrir því að fólk heimsótti ekki staðina nefndi það einna helst tímaskort, kæmist þangað ekki á farartækjum sínum og erfiðar samgöngur.



Mynd 14: Ástæða heimsóknar. Merkt allt sem við á.



Mynd 15: Nýting af þjónustu og afþreyingu. Merkt var allt sem við á.




Mynd 16: Áfangastaðir innan Vestfjarða.

Ferðamáti, gisting og bókanir


Algengast var að ferðamenn bókuðu ferðamáta sinn á netinu eða 34.5%. Valmöguleikinn “annað/á ekki við” kom næst með 27.7%. Tæp 20.3% töluðu við viðkomandi þjónustuaðila og 17.6% höfðu samband við ferðaskrifstofu. Flestir segjast koma akandi til Vestfjarða þá annað hvort á bílaleigubíl 46.6% eða á einkabíl 30.6%. Nokkuð var um að ferðamenn nefndu ferjuna Baldur, þeir sem voru annað hvort á bíl eða hjóli. Aðeins 6.1% af þeim sem svöruðu segjast hafa komið til Vestfjarða með flugi.

Aðspurð hver aðalferðamáti sé á Vestfjörðum svarar helmingur að þeir ferðist með bílaleigubíl um Vestfirði. Næst voru einkabílar með 29.3%. Hjól voru 10.5% (mynd 19). Algengast er að fólk ferðist með maka, þar á eftir með fjölskyldu eða vinum. Nokkuð var um að fólk var eitt á ferð (mynd 20).




Mynd 17: Lengd síðan viðkomandi byrjaði að hugsa um að ferðast til Vestfjarða á raunsæjan hátt.

Tæp 40% svarenda segjast hafa byrjað að hugsa um að ferðast til Vestfjarða á raunsæjan hátt fyrir meira en ári síðan (mynd 17). Nokkuð var um að fólk nefndi enn lengri tíma ramma 15 ár+. Fæstir byrjuðu að hugsa um ferð til Vestfjarða fyrir 3-6 mánuðum síðan. Nokkuð jöfn hlutföll eru á milli þeirra sem byrjuðu að hugsa um ferðalagið fyrir minna en þremur mánuðum síðan og fyrir 6-12 mánuðum síðan eða 20%. Flestir tóku endanlega ákvörðun um ferðalag til Vestfjarða fyrir minna en þremur mánuðum síðan eða 34% (mynd 18). Tímarammar frá 3-12 mánuðum plús eru nokkuð líkir meðal svarenda eða 22%.




Mynd 18: Lengd síðan viðkomandi tók endanlega ákvörðun um ferðalag til Vestfjarða.


234 Hver er ferðamáti þinn á Vestfjörðum? Merktu við allt sem við á



Mynd 19: Ferðamáti innan Vestfjörðum.



Mynd 20: Folk sem ferðist með.




Mynd 21: Gisting.

Gisting á tjaldsvæðum (43.6%) og gistiheimilum (39.4%) var nokkuð jöfn (mynd 21). Tæplega þriðjungur gisti að einhverju leyti á hótélum. Flestir ferðamenn sem voru á ferðalagi á svæðinu sögðust dvelja á Vestfjörðum í 2-4 nætur eða 39.3% (mynd 22). Þar á eftir var dvalartíminn 5-8 nætur eða 34.4%. Enginn virtist koma til svæðisins til dagsferðar og líttill fjöldi svarenda gisti hér eina nótt eða 2.5%.


Almennt virðist fólk ekki bóka afþreyingu fyrirfram í ferð sinni til Vestfjarða. 74.3% segjast ekki hafa bókað afþreyingu. Bókanir virðast fyrst og fremst eiga sér stað hjá viðkomandi þjónustuaðilum 8.5% eða ferðaskrifstofum 7.9%.

Rúmlega 85% segjast ekki ferðast með leiðsögumanni á ferð sinni um Vestfirði. 9% segjast ferðast með leiðsögumanni að hluta til og rúmlega 8% nýta leiðsögumenn fyrir einhverskonar afþreyingu.




Mynd 22: Hve margar nætur gisti viðkomandi á Vestfjörðum.

Á skalanum 1-5 (þar sem 1 vegur minnst og 5 vegur mest) hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með eftirfarandi þjónustu á Vestfjörðum?



Mynd 23: Ánægja með þjónustuþætti á Vestfjörðum. 1 vegur minnst, 5 vegur mest.




Mynd 24: Hversu oft var eftirfarandi þjónusta nýtt.

Ánægja með áfangastað

Þjónusta, afþreying og reynsla

Þátttakendur voru spurðir um ferðastaðinn í heild sinni, sundstaði almenna ánægju með eftirfarandi og veitingastaði (mynd 23). Nokkur þjónustubætti. Svarendur virðast óánægja er með skyndibitastaði, almennt vera ánægðir með hótél og gistiheimili. Mjög stór hluti

Á skalanum 1-5 (þar sem 1 vegur minnst og 5 vegur mest) hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) varstu með ferðamannastaði á Vestfjörðum á heildina litið samanber við þá staði sem þú heimsóttir?



Mynd 25: Ánægja með ýmsa þætti á ferðamannastöðum á Vestfjörðum. 1 vegur minnst, 5 vegur mest.


svarenda segjast aldrei eða sjaldan nýta sér þjónustu skyndibitastaða. Sú þjónusta sem er mest nýtt af ferðamönnum á svæðinu eru matvöruverslanir og sundstaðir. Stór hluti svarenda er ánægður með þá afþreyingu sem er í boði á Vestfjörðum. Rúmlega 19% svara því að það vanti afþreyingarmöguleika. Eitthvað var um að fólk nefndi betri/fleiri útipotta/náttúrulaugar, bátaferð eða hvalaskoðun. Tæp 60% er mjög ánægður með reynslu sína af Vestfjörðum. Almenn ánægja virðist vera meðal ferðamanna sem ferðast um svæðið. Meira en 80% vantar ekki meira afþreyingu á Vestfjörðum.

Einkunn um ástand vega, ýmiskonar upplýsingarefni og almennt ástand á ferðamannastöðunum sem voru heimsóttir frá þáttakendum

er gefin í mynd 25. Ferðamenn virðast vera almennt ánægðir með flesta þætti, þá sérstaklega prentað efni (bæklinga, kort og ferðahandbækur). Netsamband og ástand vega eru þeir þættir sem fá flest neikvæð atkvæði, en þó er meirihluta ferðamanna engu síður ánægður með þessa þætti (~85%). Ferðamenn er að jafnaði meðvitaðir um ástand vega og taka það sérstaklega fram að hluti af upplifun þeirra af Vestfjörðum er að aka vegina eins og þeir eru.

Svarendur voru beðnir um að nefna uppáhalds-reynslu sína á Vestfjörðum. Flestir nefndu ökuferðina að hún væri upplifun útaf fyrir sig, gönguferðir, náttúruna, heita potta, Látrabjarg og fuglaskoðun. Lýsingarnar sem þeir sögðu um upplifanir sínar voru að á Vestfjörðum væru þorp með persónuleika og

Á skalanum 1-5 (þar sem 1 vegur minnst og 5 vegur mest) hversu ánægður ertu með reynslu þína hér á Vestfjörðum.



Mynd 26: Hversu ánægður ertu með reynslu þína af Vestfjörðum.


vingjarnlega heimamenn. Náttúrufergurðin væri einstök, sundlaugar og tjaldsvæði með því besta og að dvöl á svæðinu væri afslappandi og þar ríkti gott andrúmsloft.

Spurt um reynslu í Vestfjörðum svarenda telur það mjög eða nokkuð raunsætt að þeir eigi afturkvæmt til Vestfjarða. Flestir gefa einkunnina 5 eða 40.5% sem er mjög líklegt. Aðeins 6.3% segja að það sé óraunsætt að þeir eigi eftir að koma aftur (mynd 27).

Stór meirihluti eða 77.2% segir að það sé mjög líklegt að þeir mæli með ferð til Vestfjarða við aðra, 18,4% telja það nokkuð líklegt (mynd 28).


Þátttakendur voru beðnir um að draga hring í kringum Vestfirði á Íslandskorti. Hér gerðu 82% réttan hring en 18 % gerðu að einhverju leyti mistök. Ferðamenn eru nokkuð meðvitaðir um landfræðileg mörk Vestfjarða.

Á skalanum 1-5 (þar sem 1 vegur minnst og 5 vegur mest) hversu raunsætt telur þú að þú komir aftur til Vestfjarða.



Mynd 27: Hversu raunsætt telur þú að þú komir aftur til Vestfjarða. 1 merkir mjög ólíklegt, 5 merkir mjög líklegt.

Á skalanum 1-5 (þar sem 1 vegur minnst og 5 vegur mest) hversu líklegt er að þú mælir með ferð til Vestfjarða við aðra



Mynd 28: Þátttakendur spurðir hversu líklegt er að þeir mæli með ferð til Vestfjarða við aðra. 1 merkir mjög ólíklegt, 5 merkir mjög líklegt.

Athugasemdir og Tillögur

Internetið er helsta uppspretta upplýsinga og bókana fyrir þann sem ferðast. Reglulega uppfærðar vefsíður ættu að geyma upplýsingar um efni svo sem varðar árstíðir, verð, netbókanir og skilyrði á áfangastað. Frekari viðbætur eins og ljósmyndum af þjónustu í boði, umhverfinu, afþreyingarmöguleikum, og kort þar sem leiðarkerfi um Vestfirði eru gerð góð skil skipta máli þegar draga á athygli að ferðaþjónustunni og skyndibókunum.

Ferðamaðurinn er að leita af því sem er upprunalegt og andstæðum frá því sem hann er vanur heima fyrir. Náttúran, einveran, persónuleg þjónusta og vingjarnlegar móttökur skipta höfuðmáli fyrir þann sem er að ferðast.

Mismunur á uppbyggingu varðandi ýmsa þætti ferðasvæða samanborin við aðra hluta landsins ætti að nota í markaðsetningu fremur en að líta á það sem ókost. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er það óspillt náttúra og famennir firðir sem er sérstaða Vestfjarða og dregur ferðamanninn helsti til svæðisins.



